

Vegna stöðu menntaþjónustu bæjarins við fjölskyldur með börn á leikskólastigi.

Foreldrafélag nemenda við Urriðaholtsskóla telur tilefni til að vekja athygli á afstöðu sinni hvað varðar þjónustu við fjölskyldur með börn sem sækja skulu leikskóla hjá bænum. Við íbúum Urriðaholts er í sjónmáli gríðarlegur skortur á leikskólaplássi á næstu misserum. Birtist það í því að börn fædd á árinu 2020 munu ekki fá leikskólavist í hverfinu á árinu 2021. Með því er sá möguleiki fyrir hendi að börn komist ekki til leikskólavistar í viðunandi hverfi fyrr en við rúmlega tveggja ára aldur.

Af þessari þróun hafa foreldrar í Urriðaholti miklar og þungar áhyggjur. Enda er það ekki ofan á áhyggjur foreldra nýbura bætandi að sjá fram á heimaveru annars foreldris allt til tveggja ára aldurs á meðan greiðslur vegna foreldraorlofs ná einungis til 12 mánaða aldurs barns. Ótækt er að jákvæðar breytingar stjórnvalda með lengingu fæðingarorlofs sé mætt með lengri biðröð hjá bæjarfélaginu. Með því er ákveðið loft tekið úr nýlegum breytingum sem fólu í sér lengingu foreldraorlofs.

Á síðustu misserum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun í hverfinu, sér í lagi fjölskyldur með yngri börn eða börn sem þurfa leikskólaþjónustu stuttu eftir flutning í hverfið. Fyrir liggur að í rammaskipulagi Urriðaholts var lagt til grundvallar, meðal annars, að í hverfinu verði blönduð byggð íbúða fyrir ólíka félagshópa, fjölskyldur og einstaklinga, unga sem aldna. Þróun fólksfjölgunar hefði því mátt vera ljós í upphafi og áform í leikskólamálum hverfisins þá eðlilega átt að taka mið af henni. Þá eru áform um að leikskóli við Holtssveg 20 verði tilbúinn á árunum 2022-2023. Kveðið er þá um að leikskólahluti Urriðaholtsskóla stækki eftir þörfum en fyrir liggur að skólinn er fyrir löngu kominn að þolmörkum og þarf að hafna í stórum stíl fjölskyldum sem kjósa hann fyrir dagvist barna. Það er því ljóst að bærinn og hverfið hefur brugðist fjölskyldum í Urriðaholti hvað þessi mál varðar, enda er þörf á plássi handa leikskólabörnum langt frá því að vera mætt og fyrirséð að þjónustan verður eingöngu skertari önn frá önn næstu tvö til þrjú árin.

Íbúar standa nú frammi fyrir ofangreindum áhyggjum og vandræðum sem eru auðleysanleg að mati Foreldrafélagsins með því að standa við, og sýna í verki áform um leikskólapláss í hverfinu. Það eru sár vonbrigði falin í því að flytja búferlum á milli sveitarfélaga, burt jafnvel frá vinum og fjölskyldu, til að sækja betri þjónustu í Garðabæ sem er svo ekki til staðar. Þjónusta sem íbúar voru reiðubúnir að sækja og þiggja með greiðslu lífnaðargjalda sem eru langt um hærri en þekkist í nágretta sveitarfélögum. Í staðinn sitja fjölskyldur uppi með jafnvel skertari þjónustu en hærri kostnað á nýjum búsetustað. Þetta er auðvitað ótækt og alls kostar ekki í takt við það

sem sveitarfélagið stendur fyrir. Innan Urriðaholts eru einnig foreldrar með fleiri en eitt leikskólabarn á framfæri og þurfa því í sumum tilfellum að sækja leikskólaþjónustu á fleiri en einn leikskóla. Með því að systkini væru á eina og sama leikskólanum fá foreldrarnir ekki bara meiri tíma til að njóta með börnunum heldur má spara tíma, kostnað og umhverfisáhrif af akstri á milli staða. Í ofan á lag er sérstaklega súrsætt að sjá góða afkomu bæjarins á árunum 2019 og 2020 og áætlanir um gífurlega hækkun útsvarstekna á næstu árum til 2024.

Foreldrafélag Urriðaholtsskóla óskar eftir viðbrögðum frá bænum og að bærinn taki til skoðunar leikskólamál hverfisins og standist þær væntingar sem íbúar mega með réttu gera til sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst fyrir hönd foreldra Urriðaholts, foreldrafélag Urriðaholtsskóla,

Íris Ósk Ólafsdóttir

Kristrún Jóhannsdóttir

Rakel Sigurjónsdóttir

Oddný Jónsdóttir

Margrét Írena Ágústsdóttir

Guðrún Ólafsdóttir